



ÍSLAND | MANNRÉTTINDARÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Áherslur Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna

2025-2027



Stöndum vörð um grundvallar- mannréttindi

Í ár eru liðin áttatíu ár frá stofnun Sameinuðu þjóðanna sem stuðlað hafa að friðsamlegri samvinnu ríkja að framförum, friði og mannúð. Sjaldan hefur verið jafnbrýnt að hlúa að fjölbjóðlegri samvinnu og standa vörð um það sem hefur áunnist.

Mannréttindi skipa veglegan sess í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem aðildarríkin sameinast um mikilvægi grundvallarmannréttinda fólks, að fyrir þeim sé borin virðing, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, stórra og smárra.

Lýðveldið Ísland var nýstofnað þegar Sameinuðu þjóðunum var hleypt af stokkunum. Íslandi hefur farnast vel í því alþjóðakerfi sem þá var lagður grunnur að og þau gildi sem það byggist á eru Íslendingum hjartfólgin. Mikill meirihluti Íslendinga er hlynntur því að stjórnvöld beiti sér fyrir virðingu fyrir mannréttindum á alþjóðavettvangi enda höfum við sjálf góða reynslu af framgangi frelsis og mannréttinda allra. Má þar nefna verðmætt framlag kvenna til þjóðarbúsins eftir því sem kynjajafnrétti hefur fleygt fram en í ár er einmitt hálf öld síðan konur lögðu niður störf á kvennafrídaginn svonefnda og fylktu liði til að minna á hvers þær eru megnugar.

Á þessum tímamótum á Ísland sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna sem gefur okkur tækifæri til að stuðla að framförum á þessu sviði. Þar getum við miðlað góðri reynslu af okkar eigin vegferð og látið að okkur kveða í helstu áherslumálum. Í þessu



veigamikla verkefni býr utanríkisþjónustan að því að Ísland hefur undanfarin ár sinnt alþjóðlegum ábyrgðarhlutverkum, á vettvangi mannréttindaráðsins, Evrópuráðsins og í Menningar- og menntamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Af því höfum við lært að smáríki eins og Ísland geta vel haft jákvæð áhrif á þróun mála með því að sinna hverju verkefni af alúð og festu.

Okkar þýðingarmesta framlag verður að ganga á undan með góðu fordæmi. Ríkisstjórnin mun enda leggja höfuðáherslu á að byggja áfram upp samfélag þar sem hvert og eitt okkar fær að njóta sín, óháð kyni, litarhafti, trú eða kynhneigð. Við höfum einsett okkur að leggja okkar af mörkum í glímunni við andlýðræðisleg öfl og þau sem tala gegn almennum mannréttindum og frelsi, bæði hér heima og á alþjóðavettvangi.

Ísland á allt sitt undir því að alþjóðalög séu virt, ekki síst alþjóðleg mannúðarlög og mannréttindalög, og okkur ber að leggja lóð á vogarskálarnar í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna sem og annars staðar. Verkið sem við okkur blasir þessi næstu þrjú ár er ærið en við munum beita okkur með þeim hætti að hægt verði að ganga stolt frá borði. Við munum láta að okkur kveða í okkar áherslumálum og tala hátt og skýrt fyrir því að öll ríki heims standi við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar svo við fáum öll notið sjálfsagðra réttinda og frelsis.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,
utanríkisráðherra



Áherslur Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna

Í ársbyrjun 2025 tók Ísland sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna öðru sinni, nú til þriggja ára. Áður hafði Ísland setið hálf t kjörtímabil, frá miðju sumri 2018 til ársloka 2019 eftir að Bandaríkin sögðu sig úr ráðinu.

Helstu áherslur Íslands í mannréttindaráðssetunni 2025-2027 eru þessar:

1. EFLING MANNRÉTTINDA UM ALLAN HEIM
2. MANNRÉTTINDI KVENNA OG STÚLKNA
3. RÉTTINDI BARNNA
4. RÉTTINDI HINSEGIN FÓLKS
5. TENGLI UMhverfismála og mannréttinda

EFLING MANNRÉTTINDA UM ALLAN HEIM

Blikur eru á lofti í heimsmálum; stríð geisar í Úkraínu, alvarleg staða fyrir botni Miðjarðarhafs og aukin spenna milli stórvelda. Bakslag hefur orðið í mannréttindum á heimsvísu og því brýnt að þau ríki sem vilja standa vörð um grundvallarmannréttindi og frelsi gangi fram af festu á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.



Meginmarkmið Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna er að efla samstöðu um grundvallarmannréttindi, þvert á ríkjahópa, og tala skýrt fyrir því að öll ríki heims standi við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sínar.

Sem aðildarríki mannréttindaráðsins mun Ísland fjalla um mannréttindabrot í einstaka ríkjum og tala fyrir umbótum á sviði mannréttinda. Ísland mun meðal annars áfram gegna forystuhlutverki hvað varðar umfjöllun um mannréttindi í Íran á vettvangi ráðsins.

Bætt skilvirkni mannréttindaráðsins verður einnig meðal áherslumála svo að það geti betur sinnt hlutverki sínu við að efla og vernda mannréttindi um allan heim.

Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna undirgangast svokallaða allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála með reglubundnu millibili á vettvangi mannréttindaráðsins. Í ráðinu mun Ísland áfram taka virkan þátt þessu ferli og leggja áherslu á afnám dauðarefsinga, kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks. Markvisst samráð verður haft við frjáls félagsamtök til að tryggja að allsherjarúttektin stuðli að framgangi mannréttinda í viðkomandi ríkjum. Jafnframt verður áhersla lögð á virka upplýsingamiðlun til þings og þjóðar. Með þetta að leiðarljósi verða viðburðir haldnir um starfsemi mannréttindaráðsins og stöðu mannréttinda á heimsvísu.

Ísland heldur áfram að veita fjárframlög til skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) sem er leiðandi stofnun um vernd mannréttinda og ber ábyrgð á að varpa ljósi á og þróa viðbrögð við áskorunum sem upp koma, annast rannsóknir og tæknilega ráðgjöf.

MANNRÉTTINDI KVENNA OG STÚLKNA

Þótt góð sátt hafi skapast á Íslandi um að leggja áherslu á kynjajafnrétti er ljóst að bakslag hefur átt sér stað í jafnréttismálum víða um heim. Nýjar áskoranir hafa litið dagsins ljós, meðal annars með auknu stafrænu kynbundnu ofbeldi. Ærið verk er því fyrir höndum ef jafnrétti á að nást.

Í mannréttindaráðinu mun Ísland leggja áherslu á að standa vörð um þá sigra sem unnist hafa í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og vinna að framgangi mannréttinda kvenna og stúlkna.

Ísland fordæmir ofbeldi gegn konum og stúlkum og á vettvangi mannréttindaráðsins mun Ísland tala fyrir frekari aðgerðum til að draga úr ofbeldi gegn konum, þar með talið stafrænu ofbeldi.

Þá verður lögð áhersla á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi sem tengjast fyrst og síðast sjálfsákvörðunarrétti kvenna yfir eigin líkama og eigin lífi og réttinum til að njóta bestu fánlegu kyn- og frjósemisheilsu. Í þessum málaflokkum hefur róðurinn þungst undanfarin misseri og er sterk samstaða meðal líkt þenkjandi ríkja um að standa þurfi vaktina í þessum efnum.

Aðkoma allra í baráttunni fyrir kynjajafnrétti er einnig meðal áherslumála og Ísland mun áfram vinna öflugt málsvarastarf á því sviði. Leitast verður við að stuðla að vitundarvakningu og virkja allar raddir, þ.m.t. karla og drengja, í sértækum verkefnum



í þágu kynjajafnréttis svo að öll njóti góðs af þeim ávinningi sem öðlast með auknu kynjajafnrétti.

Einnig mun Ísland halda á lofti mikilvægi þess að sömu laun séu greidd fyrir jafnverðmæt störf, líkt og kveðið er á um í áttunda heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðlegum jafnlaunadegi var komið á laggirnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 2019 að frumkvæði Íslands og mun Ísland standa fyrir viðburði á þeim degi og tala fyrir enn frekari árangri.

RÉTTINDI BARNA

Öll börn eiga rétt á því að lifa, þroskast og njóta aðgengis að menntun sem gerir þeim kleift að lifa með reisn í friðsamlegu umhverfi. Þau eiga einnig rétt til lífs án ofbeldis.

Ísland verður öflugur málsvari réttinda barna á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og mun taka virkan þátt í umræðum ráðsins um málefni barna.

Ísland mun tala fyrir því að börn verði sett í forgrunn við stefnumótun og að hugað verði að samþættingu þjónustu og verndarkerfis. Þá verður vakin athygli á mikilvægi frekari aðgerða til að sporna gegn ofbeldi gegn börnum. Ísland mun miðla af reynslu sinni við uppbyggingu barnvæns réttarkerfis, Barnahúss og barnvæns samfélags öðrum ríkjum til heilla.

Þá mun Ísland tala fyrir mikilvægi aukinnar þátttöku ungmenna og barna í stefnumótun og ákvarðanatöku um öll mál sem þau snerta.

RÉTTINDI HINSEGIN FÓLKS

Á Íslandi hafa stór framfaraskref verið stigin á undanförunum árum til að hinsegin fólk fái notið sjálfsagðra mannréttinda og hefur verið breið sátt í samfélaginu um þá vegferð. Víða um heim eru önnur sjónarmið og fordómar ráðandi.

Ísland mun ekki láta sitt eftir liggja í baráttunni fyrir mannréttindum og frelsi hinsegin fólks og leggja sig fram um að stuðla að framförum og sporna gegn bakslagi. Engin manneskja á að þurfa að búa við óöryggi eða ofsóknir vegna þess hver hún er eða hvernig hún skilgreinir sig. Hver og einn á að geta lagt sitt af mörkum til samfélagsins á eigin forsendum og notið frelsis til þess að lifa í sátt við eigið sjálf.

Í samtölum og samráði við önnur ríki verður þessum sjónarmiðum haldið á lofti og miðlað af jákvæðri reynslu Íslands, enda njóti sérhvert samfélag góðs af því að allir séu metnir að verðleikum. Ísland mun jafnframt taka þátt í ríkjabandalögum sem hafa það að markmiði að vinna að réttindum hinsegin fólks í málefnastarfi Sameinuðu þjóðanna, tryggja virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi, með áherslu á vernd gegn mismunun og ofbeldi.

Í mannréttindaráðinu mun Ísland leggja áherslu á að standa vörð um þann árangur sem þegar hefur náðst og stuðla að enn meiri framförum, þ.m.t. með stuðningi við aðgerðir gegn ofbeldi og mismunun gagnvart hinsegin fólki.



Ísland heldur áfram að styðja við starf Sameinuðu þjóðanna í málefnum hinsegin fólks, meðal annars með fjárframlögum til verkefna skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna sem miða að því að auka réttindi hinsegin fólks.

Ísland mun einnig styðja við embætti óháðs sérfræðings mannréttindaráðsins um réttindi hinsegin fólks (UN Independent Expert on Protection Against Violence and Discrimination Based on Sexual Orientation and Gender Identity) sem sett var á laggirnar árið 2016 en ályktun um endurnýjun embættisins kemur til afgreiðslu í júnílotu ráðsins 2025.

Ísland mun áfram leggja áherslu á réttindi hinsegin fólks á vettvangi allsherjarúttektar mannréttindamála, sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gangast undir reglulega í mannréttindaráðinu, og veita sérhverju aðildarríki Sameinuðu þjóðanna tilmæli um hvað betur megí fara í réttindum hinsegin fólks.

TEGSL UMHVERFISMÁLA OG MANNRÉTTINDA

Aðgerðir til að sporna við verstu afleiðingum loftslagsbreytinga í heiminum eru mikilvægar til að tryggja mannréttindi og velferð allra, sérstaklega þeirra sem búa við mestan óstöðugleika og eru viðkvæmastir fyrir áhrifum umhverfismála.

Umhverfis- og loftslagsbreytingar hafa á undanförunum árum komið til æ frekari skoðunar á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur ráðið fjallað um réttinn til heilnæms umhverfis sem og mikilvægi samþættingu mannréttindasjónarmiða í öllum loftslagsaðgerðum.

Mörgum spurningum er enn ósvarað um samband mannréttinda og umhverfismála. Í setu Íslands í mannréttindaráðinu verður stutt við sameiginlegar og áþreifanlegar aðgerðir til að bregðast við neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á mannréttindi um allan heim. Þá mun Ísland jafnframt taka virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um tengsl mannréttinda og umhverfismála og vera málsvari mannréttinda í umræðum á alþjóðavettvangi um umhverfis- og loftslagsmál.



UM MANNRÉTTINDARÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf var sett á fót árið 2006 og tók við hlutverki mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem starfaði frá 1946. Hlutverk ráðsins er að efla og vernda mannréttindi í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, fjalla um mannréttindabrot, beina tilmælum til einstakra ríkja um úrbætur í mannréttindamálum og fjalla um einstök þematísk réttindamál.

Alls sitja 47 ríki í mannréttindaráðinu hverju sinni, þar af tilheyra sjö hópi Vestur-Evrópu og annarra ríkja (WEOG), þrettán koma frá Afríku, þrettán úr hópi Asíu- og Kyrrahafsríkja, átta úr hópi ríkja Rómönsku Ameríku og Karíbahafseyja og loks sex úr hópi Austur-Evrópuríkja.

Mannréttindaráðið fundar að jafnaði í þremur reglubundnum fundalotum á ári sem standa yfir í nokkrar vikur í senn. Auk þess fjallar ráðið um ástand mannréttinda og framfylgd alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga í einstökum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna með svokallaðri allsherjarúttekt (Universal Periodic Review) sem fer fram í þremur lotum á ári hverju.

Á vegum mannréttindaráðsins starfa einnig sérstakir skýrslugjafar og vinnuhópar sem heimsækja ríki, skoða stöðu mannréttinda og veita ríkjum tilmæli í kjölfarið.

Skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (Office of the High Commissioner for Human Rights, OHCHR) skipuleggur fundi mannréttindaráðsins og annast framkvæmd þeirra, jafnframt því sem hún sinnir vettvangsvinnu og málafylgju. Ísland styður starf skrifstofu mannréttindafulltrúans með fjáframlögum samkvæmt gildandi ramma-samningi.





Utánríkisráðuneytið | Reykjastræti 6 - 101 Reykjavík | S: 545-9900

@IcelandinGeneva | #ICELANDHRC | CONTACTHRC@mfa.is | utn.is/mannrettindarad



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjastræti 6 | 101 Reykjavík

@IcelandinGeneva | #ICELANDHRC

CONTACTHRC@mfa.is

utn.is/mannrettindarad